

JAR 145.95 Sambærilegt öryggi

Flugmálayfirvöld geta veitt viðurkenndri viðhaldsstöð undanþágu frá einstökum ákvæðum krafna þessara, séu þau sannfærð um nauðsyn þess, og geta bundið slíka undanþágu viðbótarskilyrðum sem þau telja nauðsynleg til að tryggja sambærilegt öryggi hverju sinni.

AUGLÝSING**um staðfestingu á legu Fljótsdalslínu I, vestari hluta
frá Akureyri að Veggjafelli.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið þann 20. apríl 1994 staðfest legu Fljótsdalslínu I frá Akureyri að Veggjafelli.

Uppdráttur fyrir legu háspennulínunnar hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19, 21. maí 1964 mæla fyrir um. Uppdráttinn hefur skipulagsstjórn ríkisins afgreitt til staðfestingar ráðherra.

Umhverfissráðuneytið, 20. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 277, 14. júní 1991,
fyrir Fiskveiðasjóð Íslands með síðari breytingum.****1. gr.**

A-liður 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

„Lán vegna nýsmíða, endurbóta, véla- og tækjakaupa og vegna notaðra skipa sem keypt eru erlendis mega hæst vera 65% af kostnaðarverði. Þó mega lán vegna meiriháttar endurbóta á fiskiskipum innanlands hæst vera 70% af kostnaðarverði. Hámarkstími skal vera allt að 18 ár.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. apríl 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.